

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 8. janúar 2018
UST201711-117/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 - 2030 - Hólmsheiði - breyting

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar er felst í að afmarka og móta stefnu um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði.

Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er austan við Hafravatnsveg skammt frá fangelsinu á Hólmsheiði og er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem óbyggt svæði og fjarsvæði vatnsverndar. Áætlað er að þróa á svæðinu græna, orkufreka starfsemi eins og gagnaver. Einnig kemur fram að áætlað er að fyrirhugað athafnasvæði verði allt að 50 ha að stærð.

Umhverfisáhrif


Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að áhrif á vatnsvernd verði skoðuð matsvinnunni.

Að öðru leyti er að mati Umhverfisstofnunar í ofangreindri lýsingu, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur